

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. janúar 2024

Mál nr. E-1781/2023:

A

(Guðmundur Birgir Ólafsson lögmaður)

gegn

B

(Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður)

D Ó M U R

Mál þetta, sem höfðað var 21. júní 2023, var dómtekið 20. desember sama ár. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er B., [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér laun og orlof að fjárhæð 4.805.800 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2022 af 333.056 krónum til 1. nóvember 2022 og frá þeim degi af 1.335.927 krónum til 1. desember 2022 og frá þeim degi af 2.338.798 krónum til 1. janúar 2023 og frá þeim degi af 4.805.800 krónum til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá gerir stefndi kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

Málsatvik

Stefnandi þessa máls var starfsmaður hjá stefnda. Samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi sem dagsettur er 18. maí 2021 og viðauka við hann var stefnandi verkefna- og sölustjóri í [...] og fólst starfið í því að taka á móti pöntunum, gera tilboð og reikninga og halda utan um pöntun á efni innanlands og utan. Starfshlutfall var 100%. Samkvæmt framlögðum launaseðlum var stefnandi með 4.642 krónur á tímann í dagvinnu og 7.291 krónur á tímann fyrir yfirvinnu. Laun voru greidd mánaðarlega. Um uppsagnafrest, orlof og veikindagreiðslur gilda ákvæði kjarasamnings.

Þann 5. september 2022 var gefinn út reikningur í nafni stefnanda fyrir hönd stefnda. Reikningurinn, sem fékk númerið [...] og var að fjárhæð 86.678 krónur, var gefinn út á C. vegna pöntunar þeirra á efni sem stefnandi tók við. Þann 13. september 2022 voru útbúin drög að reikningi, svokallaður proforma reikningur, til eigenda bílskúra við [...] að fjárhæð 566.535 krónur. Enginn sölumaður er skráður á reikninginn, enginn kennitala og ekkert númer er þar að finna, en hann er í samræmi við tilboð dagsett 2. maí 2022 sem stefnandi gerði sömu aðilum. Málsaðilum greinir á um þessa reikninga og viðskipti og greiðslur vegna þeirra.

Þann 20. september 2022 var stefnanda fyrirvaralaust sagt upp störfum hjá stefnda. Samkvæmt framlögðu bréfi var ráðningarsamningnum rift „vegna alvarlegra brota í starfi“ auk brota á „trúnaðar- og heiðarleikaskyldu“. Tilkynnt var um að launagreiðslur skyldu falla niður frá og með þeim degi.

Þann 21. september 2022 sendi VR, fyrir hönd stefnanda, bréf til stefnda þar sem krafist var launa og áunninna réttinda í uppsagnafresti, auk þess sem áskilinn var réttur til að krefjast bóta. Með bréfi 13. október 2023 hafnaði stefndi kröfunni og taldi að heimilt hafi verið að rifta ráðningarsamningnum vegna verulegra vanefnda stefnanda í starfi. Vísaði stefndi í því sambandi til tveggja framangreindra viðskipta við félagið C. og eigendur bílskúra við [...] í Reykjavík. Í bréfinu var vísað til ætlaðs þjófnaðar stefnanda og hafi ráðningarsamningi af þeim sökum verið rift „þar sem um verulegar vanefndir starfsmanns [hafi verið] að ræða, gerðar af ásetningi með skipulögðum og ítrekuðum hætti.“ Með bréfi 1. nóvember 2022 krafði VR, fyrir hönd stefnanda, stefnda um greiðslu sömu krafna og settar eru fram í stefnu málsins. Krafan var ítrekuð með bréfi lögmanns stefnanda 16. nóvember 2022. Mál þetta var svo höfðað með stefnubirtingu 21 júní 2023.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hann hafi hafið störf hjá stefnda í júlí 2019 og frá því í maí 2021 hafi hann starfað þar sem sölustjóri. Umsamin laun hafi verið að fjárhæð 4.642 krónur á klukkustund í dagvinnu og 7.291 krónur á klukkustund fyrir yfirvinnu og einnig 8.385 krónur fyrir svokallaða yfirvinnu 2 samkvæmt útgefnum launaseðli fyrir september 2022. Þannig starfaði stefnandi til 20. september 2022 er hann var kallaður á fund

forstjóra og viðskiptastjóra stefnanda þar sem honum var sagt upp einhliða og fyrirvaralaust.

Á umræddum fundi hafi stefnandi verið sakaður um þjófnað frá fyrirtækinu og jafnframt um að hafa tekið við peningagreiðslum frá viðskiptavinum persónulega. Stefnanda hafi þar verið settir þeir afarkostir að rita annað hvort undir uppsagnabréf án réttinda og uppsagnarfrests eða vera sagt upp fyrirvaralaust og yrði málið þá sent lögreglu til rannsóknar. Þegar stefnandi hafnaði ávirðingum um brot í starfi hafi honum verið sagt upp fyrirvaralaust og gert að yfirgefa starfstöðina.

Að sögn stefnanda voru engin rök færð fyrir þeim ásökunum sem á hann voru bornar og voru skilyrði til fyrirvaralausrar uppsagnar því ekki fyrir hendi. Uppsögnin hafi því verið ólögmat. Stefnandi telur sig því eiga rétt til launa í september 2022 auk launa í uppsagnarfresti og launauppgjors við starfslok. Samkvæmt grein 12.1. í kjarasamningi VR og SA skal uppsagnarfrestur eftir sex mánaða starf hjá sama fyrirtæki vera þrjú mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

Stefnandi vann að eigin sögn mismarga dagvinnutíma á mánuði og krefst því meðaltals greiddra dagvinnutíma síðastliðna sex mánuði í starfi fyrir uppsögn, sem voru 145,11 tímar á mánuði að fjárhæð 673.601 krónur ($145,11 \times 4.642$), 17,33 tímar í yfirvinnu á mánuði að fjárhæð 126.353 krónur ($17,33 \times 7.291$) og 24,24 tímar í yfirvinnu 2 á mánuði að fjárhæð 202.917 krónur ($24,24 \times 8.385$). Að meðaltali hafi mánaðarlaun stefnanda því numið 1.002.871 krónum.

Stefnanda var sagt upp fyrirvaralaust frá 20. september 2022 og telur stefnandi sig því eiga rétt til eftirstöðva mánaðarlauna þess mánaðar, en stefnandi fékk samkvæmt launaseðli greiddar 669.815 krónur vegna septembermánaðar en telur sig hafa átt rétt til 1.002.871 krónum. Þá gerir stefnandi kröfu um orlof á laun vegna septembermánaðar að fjárhæð 43.430 krónur ($333.056 \times 13,04\%$). Þá gerir stefnandi kröfu um meðaltal launa á uppsagnarfresti að fjárhæð 1.002.871 krónur á mánuði vegna október, nóvember og desember 2022 eða alls 3.008.613 krónur, auk orlofs að fjárhæð 130.774 krónur á mánuði eða alls 392.322 krónur.

Einnig gerir stefnandi kröfu um orlofs- og desemberuppbót sem gera skuli upp við starfslok. Orlofsuppbót er samkvæmt kjarasamningi árið 2023 52.000 krónur og miðast við 45 vikur. Stefnandi telur sig hafa, samkvæmt útgefnum launaseðlum, áunnið sér hlutfall af orlofsuppbót 35,67 vikur eða 41.222 krónur $((52.000/45) \times 35,67)$. Stefnanda voru greiddar 25.911 krónur samkvæmt launaseðli og gerir hann því kröfu um mismuninn, 15.311 krónur. Desemberuppbót er samkvæmt kjarasamningi árið 2022 98.000 krónur og miðast við 45 vikur. Stefnandi telur sig hafa, samkvæmt útgefnum launaseðlum, áunnið sér fulla desemberuppbót að fyrrgreindri fjárhæð. Stefnanda hafi hins vegar aðeins verið greiddar 84.933 krónur samkvæmt launaseðli og gerir hann því kröfu um mismuninn, 13.067 krónur.

Stefnandi kveðst einnig krefjast miskabóta að fjárhæð 1.000.000 krónur. Ávirðingar stefnda um auðgunarbrot stefnanda hafi ekki átt við nein rök að styðjast og voru til þess fallnar að valda stefnanda miklum óþægindum og álitshnekki. Telur stefnandi að stefndi hafi með saknæmum og ólögmætum hætti staðið að ólögmætri meingerð gegn persónu og æru stefnanda og hafi stefndi með því bakað sér bótaskyldu á grundvelli b-liðar 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi kveður kröfu sína sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Laun vegna september 2022	333.056 kr.
Laun á uppsagnarfresti, október 2022	1.002.871 kr.
Laun á uppsagnarfresti, nóvember 2022	1.002.871 kr.
Laun á uppsagnarfresti, desember 2022	1.002.871 kr.
Orlof 13,04% á laun í september 2022	43.430 kr.
Orlof 13,04% á laun á uppsagnarfresti	392.323 kr.
Mismunur á desemberuppbót 2022	13.067 kr.
Mismunur á orlofsuppbót 2023	15.311 kr.
Miskabætur	1.000.000 kr.
Samtals	4.805.800 kr.

Samkvæmt grein 1.9. í kjarasamningi VR og SA skulu laun greiddast fyrsta dag eftir að þeim mánuði lýkur sem laun eru greidd fyrir. Að auki skal vinnuveitandi greiða áunnið

orlof til launþega við lok ráðningarsambands samkvæmt 8. gr. laga um orlof nr. 30/1987. Stefnandi kveður málsókn þessa nauðsynlega enda hafi innheimtutilraunir reynst árangurslausar.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar við lög nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög nr. 30/1987 um orlof, meginreglur kröfuréttar og vinnuréttar, kjarasamninga VR og vinnuveitenda og bókanir sem teljast hluti kjarasamninga. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er vísað til þess að það sé meginregla í vinnurétti að starfsmanni verði ekki sagt upp störfum nema með umsömdum uppsagnarfresti. Frá þeirri meginreglu sé sú undantekning að segja megi starfsmanni upp fyrirvaralaust ef vanefnd hans á ráðningarsambandinu sé veruleg, annaðhvort vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis svo sem ef starfsmaður mætir ekki til starfa, ræki störf sín með verulega ófullnægjandi hætti eða gerist alvarlega brotlegur í starfi.

Stefndi byggir á því að fyrirvaralaus uppsögn starfsmanns sé heimil ef ekki verði með sanngirni gerð krafa til þess að vinnuveitandi hafi starfsmann í starfi á uppsagnarfresti vegna þeirra aðstæðna sem leiði til uppsagnar hans, eða þá ef honum sé það ómögulegt eða jafnvel óheimilt. Stefndi telur að uppsagnarfresti sé ekki ætlað að færa starfsmanni sem sagt sé upp störfum tekjur án vinnuframlags á uppsagnarfresti þegar háttsemi starfsmannsins sé um að kenna að vinnuveitandi geti ekki eða eigi ekki að þurfa að láta hann vinna út uppsagnarfrest.

Stefndi byggir á því að forsvarsmaður C. hafi greitt reikning dagsettan 5. september 2022 að fjárhæð 86.678 krónur beint til stefnanda í peningum sem stefnandi hafi ekki skilað til stefnda. Kveður stefndi það ekki vera í samræmi við vinnureglur stefnda að starfsmenn taki við reiðufé fyrir reikningum stefnda. Telur hann því sannað að stefnandi hafi stolið fénu af stefnda.

Stefndi kveðst einnig byggja á því að stefnandi hafi falsað reikning til eigenda bílskúra að [...]. Reikningurinn sé dagsettur 13. september 2022, að fjárhæð 566.535 krónur. Að sögn stefnda útbjó stefnandi tilboð vegna þessara kaupa í maí það ár. Efnið hafi svo verið framleitt og afhent í byrjun júní þrátt fyrir að það séu skýrar reglur hjá stefnda að efni skuli ekki afhent viðskiptavini nema greiðsla hafi áður borist í samræmi við útgefinn reikning. Stefnandi hafi svo útbúið falsaðan reikning fyrir efninu, afhent kaupanda og nefnt að þeim bjóðist borga efnið „svart“. Einn kaupanda hafi í kjölfarið haft samband við stefnda til að grennslast fyrir um reikninginn þar sem reikningurinn hafði hvorki að geyma númer né kennitölu. Við nánari athugun hafi komið í ljós að engin pöntun hafði verið útbúin vegna kaupanna og því hafi ekkert númer verið á reikningum. Af þeim sökum sé ljóst, að mati stefnda, að um falsaðan reikning hafi verið að ræða.

Að sögn stefnda liggur fyrir að brot stefnanda á starfsskyldum hans séu alvarleg, framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og séu brotin þess eðlis að stefnda hafi ótvírætt verið heimilt að segja stefnanda upp störfum fyrirvaralaust og án uppsagnafrests. Háttsemi stefnanda og athafnir hans hafi falið í sér brot á settum réttarreglum, þar sem um hafi verið að ræða skjalafals, undanskot á tekjum og þjófnað á fé sem stefndi hafi réttilega átt. Stefndi byggir á því að hann hafi farið eftir kjarasamningi VR og SA í hvívetna og rift ráðningasamningi með löglegum hætti. Stefndi byggir einnig á því að full sannað sé að stefnandi hafi vanefnt ráðningarsamning sinn við stefnda með verulegum hætti, með ásetningi og ítrekuðum og skipulögðum hætti. Þá kveðst stefndi byggja á því að stefnandi hafi brotið trúnaðarskyldu sína gagnvart stefnda, sýnt af sér sagnæma háttsemi og brotið vinnureglur. Stefndi kveðst einnig byggja á því að brot stefnanda gagnvart honum hafi verið það alvarleg að þau réttlæti riftun ráðningarsamnings án áminningar. Loks byggir stefndi á því að stefnandi hafi tekið við peningagreiðslu í formi reiðufjár fyrir efni frá stefnda og ekki skilað því til stefnda. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi stolið fé frá stefnda og reynt að stela meiru en því sem hann hafi náð að stinga í eigin vasa.

Stefndi kveðst vísa til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk vinnuréttar, sem og til kjarasamnings VR og SA, eins og við á.

Niðurstaða

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu stefnandi máls, A. Þá gáfu skýrslu sem vitni D starfsmaður stefnda og E fyrrum starfsmaður stefnda. Einnig gáfu skýrslu sem vitni F og G sem keyptu efni af stefnda vegna framkvæmda á bílskúrum við [...]. Loks gaf skýrslu sem vitni H, forsvarsmáður C. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir við úrlausn málsins.

Krafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar gerir hann kröfu um laun, þar með talið orlof, desemberuppbót og orlofsuppbót í uppsagnarfresti. Hins vegar gerir hann kröfu um miskabætur. Báðar þessar kröfur eru reistar á þeim rökum að stefnda hafi verið óheimilt að rifta ráðningarsamningnum fyrirvaralaust, en um það snýst raunar megin ágreiningsefni aðila.

Á stefnda hvílir sönnunarbyrði fyrir því að honum hafi verið heimil fyrirvaralaus riftun ráðningarsamningsins, en hann hefur vísað til þess að honum hafi verið heimil slík fyrirvaralaus riftun samningsins og að stefnandi ætti þar með ekki rétt til uppsagnarfrests og frekari launagreiðslna. Í því sambandi hefur stefndi vísað til þess að stefnandi hafi gerst sekur um skjalafals, undanskot á tekjum og þjófnað á fé stefnda auk tilraunar til frekari þjófnaðar. Því til stuðnings hefur stefndi annars vegar vísað til þess að stefnandi hafi ekki skilað til stefnda þeim peningum sem hann móttók frá forsvarsmanni C, en um hafi verið að ræða alls 86.678 krónur sem hafi verið greiðsla C. samkvæmt reikningi sem dagsettur var 5. september 2022 fyrir vörur sem félagið keypti af stefnda. Forsvarsmáður C. sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi greitt beint til stefnanda og fengið kvittun fyrir þeirri greiðslu. Stefndi kveður það hins vegar ekki samræmast vinnureglum fyrirtækisins að starfsmenn taki við reiðufé á grundvelli útgefinna reikninga til viðskiptamanna. Sé það því mat stefnda að stefnandi hafi stungið framangreindum fjármunum í eigin vasa.

Í framburði stefnanda fyrir dómi lýsti hann því verklagi hjá stefnda að þegar viðskipamaður greiði með reiðufé væri féð afhent gjaldkera, væri hann á starfstöð sinni, ella væri féð sett í „skúffu“ hjá gjaldkera. Framburður vitnisins E, fyrrverandi starfsmanns stefnda, er á sama veg sem og framburður vitnisins D, starfsmanns stefnda, sem kvað reiðufé vera afhent fjármálastjóra. Með hliðsjón af þessum framburðum er haldlaus staðhæfing stefnda um að vinnuregla sé við lýði þess efnis að starfsmenn taki

ekki við peningum í reiðufé. Þvert á móti virðist vera til staðar fast mótað verklag þegar tekið sé við slíkum peningagreiðslum. Ekki verður annað ráðið en að stefnandi hafi fylgt því verklagi við móttöku reiðufjár. Fyrir dómi hefur hann staðhæft að hafa ávallt skilað því reiðufé sem hann hafi fengið í hendur til forstjóra stefnda eða gjaldkera. Þá kom fram hjá vitninu D að hann hafi séð um að rannsókn ætlaðra brota stefnanda í starfi. Aðspurður kvaðst hann þó ekki hafa kannað sérstaklega hvort umrædd greiðsla hefði borist fjármálastjóra, en hann teldi það óþarft þar sem enginn sölureikningur væri fyrir hendi. Af því einu virðist vitnið hafa dregið þá ályktun að stefnandi hafi stungið fénu í eigin vasa. Engin gögn hafa hins vegar verið lögð fram af hálfu stefnda þeim staðhæfingum til stuðnings að greiðslan hafi ekki skilað sér til fjármálastjóra eða gjaldkera, en gjaldkeri stefnda gaf ekki skýrslu við meðferð málsins. Að mati dómsins verður að telja að það hafi staðið stefnda nær að afla slíkrar sönnunar, til að mynda með framlagningu viðeigandi bókhaldsgagna. Þá liggur fyrir að ætlaður þjófnaður var ekki kærður til lögreglu. Að þessu virtu hefur stefndi ekki leitt líkum að því að stefnandi hafi gerst brotlegur í starfi með þeim hætti sem staðhæft hefur verið af hálfu stefnda og riftun ráðningarsambandsins var reist á. Stefnda var því óheimil fyrirvaralaus riftun ráðningarsamningsins á þeim forsendum.

Stefndi hefur jafnframt vísað til þess að stefnandi hafi gefið út falsaðan reikning til eigenda bílskúra við [...] í Reykjavík og afhent vörur til þeirra án þess að krefjast greiðslu fyrir hönd stefnda, en þess í stað hafi stefnandi reynt að stinga greiðslunni í eigin vasa.

Varðandi ætlaða fölsun á reikningi þá liggur í málinu fyrir reikningur vegna kaupa fyrrgreindra húseigenda á efni, svokallaður proforma reikningur, án kennitölu. Hefur sá reikningur ekkert bókhaldslegt gildi. Starfsmenn stefnda eru missaga um það hvort slíkt hafi samræmst starfsháttum stefnda að útbúa slíkan reikning. Bæði stefnandi og vitnið E hafa borið fyrir dómi að í ákveðnum tilvikum væri útgáfa slíkra reikninga í samræmi við þær vinnureglur sem viðhafðar voru hjá stefnda. Með því að gefa út slíkan proforma reikning í þessu tilviki væri þannig unnt að gefa kaupendum upplýsingar um endanlegt verð fyrir pöntun, einkum þegar ekki lægi ljóst fyrir hver væri greiðandi vöru. Í framhaldinu hafi verið gefnir út þrír aðskildir reikningar, einn á hvern eiganda bílskúranna. Að mati dómsins þykir sýnt, eins og á stóð, að umtalsvert hagræði hafi verið fólgið í því að útbúa slíkan „reikning“ í stað þess að gefa út lögformlegan reikning sem

síðar þyrfti að bakfæra. Ekki liggur annað fyrir en að bókhaldskerfi stefnda hafi sérstaklega boðið upp á gerð slíkra proforma reikninga. Hafi umræddur reikningur enda verið útbúinn á grundvelli áður gerðs tilboðs í bókhaldskerfi stefnda. Er því ekki unnt að fallast á með stefnda að umræddur reikningur teljist falsaður, þótt ljóst sé að ekki sé um endanlegan viðskiptareikning að ræða. Þá hefur stefndi engin gögn lagt fram til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni að stefnandi hafi eytt umræddum reikningum.

Ágreiningslaust er að þegar uppsögn stefnanda átti sér stað hafði ekki verið greitt fyrir efni það sem afhent var eigendum bílskúranna. Ekki gætir fulls samræmis í framburði stefnanda og vitnanna D og E um það hvort það hafi verið andstætt vinnureglum stefnda að afhenda kaupendum efnið án þess að greiðsla hefði verið innt af hendi. Vitni eru einnig missaga um það hvort viðkomandi kaupendur hafi notið lánstrausts í því skyni að fá efnið afhent áður en til greiðslu kæmi. Samkvæmt framburði vitnanna F og G naut G lánstrausts hjá stefnda sem gerði honum kleift að fá efnið afhent áður en til greiðslu kæmi. Samkvæmt framburði sömu vitna naut G aðstoðar forstjóra stefnda við að sækja efnið, en hann hafi lánað honum kerru til verksins. Þá var upplýst í dóminum að fjöldi starfsmanna hafði aðgang að stimpli sem notast var við til að heimila afhendingu efnisins.

Við úrlausn málsins verður að horfa til þess að þau gögn sem lögð hafa verið fram af hálfu stefnda eru afar fábrotin og renna, að mati dómsins, engum stoðum undir staðhæfingar stefnda sem færðar hafa verið fram til stuðnings fyrirvaralausri riftun ráðningarsamningsins eða að stefnandi hafi með einhverjum hætti farið á svig við vinnureglur stefnda sem réttlætt gæti slíka fyrirvaralausri riftun ráðningarsamnings. Til dæmis hefur stefndi engin gögn lagt fram úr bókhaldi félagsins sem rennt gætu stoðum undir staðhæfingar hans. Verður stefndi að bera hallann af því. Breytir framburður vitnisins D engu í því efni. Þá lýsti lögmaður stefnda því yfir við munnlegan málflutning að þær ávirðingar sem bornar voru á stefnanda vegna viðskipta við eigendur að [...] í Reykjavík væru byggðar á líkindum.

Í ljósi framangreinds er það því mat dómsins að fyrirvaralaus riftun ráðningarsamningsins hafi verið ólögmat.

Að þessu virtu er fallist á með stefnanda að hann eigi rétt til launa og annarra launatengdra greiðslna í uppsagnarfresti. Ágreiningslaust er að stefnanda var sagt upp 20. september 2022. Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram að hann hafi verið atvinnulaus frá þeim tíma þar til hann hóf störf hjá [...] í febrúar 2023. Í greinargerð stefnda eru hvorki raktar málsástæður til stuðnings varakröfu né er þar til að mynda að finna áskorun á hendur stefnanda um framlagningu gagna um launagreiðslur eða tekjuleysi stefnanda á umræddu tímabili. Verða kröfur stefnanda um greiðslu launa og launatengdra gjalda á uppsagnarfresti því teknar til greina. Töluleg fjárhæð sundurliðunar dómkrafna í stefnu varðandi kröfu stefnanda um laun og önnur launatengd gjöld í uppsagnarfresti hefur að öðru leyti ekki verið efnislega andmælt af hálfu stefnda, en krafan þykir þar rökstudd með fullnægjandi hætti. Er það því mat dómsins að stefnandi eigi rétt til launa á uppsagnarfresti auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar með dráttarvöxtum líkt og í dómsorði greinir.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem renna stoðum undir það að stefnandi hafi hlotið miska af hinni ólögsmætu uppsögn. Enn fremur hefur ekkert fram komið í málinu sem rennir haldbærum stoðum undir að háttsemi stefnda hafi falið í sér ólögsmæta meingerð gegn stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Ber því að sýkna stefnda af miskabótakröfu stefnanda.

Eftir þessum málsúrslitum og í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn að meðtöldum virðisaukaskatti líkt og í dómsorði greinir.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðmundur B. Ólafsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Karl Eyjólfsson lögmaður.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, B., greiði stefnanda, A, 3.805.800 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 333.056 krónum frá 1. október 2022 til 1. nóvember sama ár, af 1.335.927 krónum frá þeim degi til 1. desember 2022, af

2.338.798 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2023, og af 3.805.800 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.289.600 krónur í málskostnað

Þórhallur Haukur Þorvaldsson